*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 130/1790*
*komudagur 15.4.2004*

*Nefndasvið Alþingis,*
*Austurstræti 8 – 10,*
*150 Reykjavík*

**HITAVEITA SUÐURNESJA HF**

*14. apríl 2004*

*Varðar:* *Frumvarp til laga um stofnun Landsnets hf – athugasemdir og ábendingar Hitaveitu Suðurnesja hf (HS).*

*Í upphafi vill HS vara við því að með stofnun þessa fyrirtækis herðir ríkisvaldið (iðnaðarráðuneytið) enn tök sín á raforkuiðnaðinum sem beinn og mjög stór aðili á öllum stigum. Jafnframt hefur ríkisvaldið (iðnaðarráðuneytið) það hlutverk að vera hið hlutlæga yfirvald orkumála og bera á því ábyrgð að leikreglur séu sanngjarnar og fyrirtækjum ekki mismunað. Þessi hlutverk eru að mati HS ósamræmanleg og því brýnt að þarna sé skilið á milli hið allra fyrsta, þannig að trúverðugleiki og traust geti komist á í orkugeiranum.*

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:*

*<u>1. – 8. gr.</u>*
*HS ítrekar að fyrirtækið hefur ekki breytt þeirri skoðun sinni, að stofnun sérstaks fyrirtækis um raforkuflutning sé óþörf og valdi bæði óhagkvæmni og óhagræði. Yfirstandi viðræður fyrirtækisins um flutning raforku til Norðuráls, þar sem viðsemjandi byggir á þeirri forsendu, hafa mjög styrkt þá skoðun fyrirtækisins. HS telur hinsvegar að verði af stofnun slíks félags þá skuli það vera hlutafélag.*

*<u>4. gr.</u>*
*Vandséð er hvaða tilgangi síðasta setning greinarinnar þjónar.*

*Virðingarfyllst,*

*F.h. Hitaveitu Suðurnesja hf*

*Júlíus Jónsson*
*forstjóri*